


DRÖG AÐ VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

MARKMIÐ AÐ TRYGGJA ÖRYGGI, FYRIRSJÁANLEIKA OG FAGLEG VINNUBRÖGÐ

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar
Silja Dís Guðjónsdóttir, atferlisráðgjafi á grunnskóladeild
Tryggvi G. Ingason, verkefnastjóri á grunnskóladeild

FRAMTÍÐIN Í FYRSTA SÆTI



NÁMS- OG STARFSUMHVERFI SEM STYÐUR ÖRYGGI OG VELLÍÐAN

FRAMTÍÐIN Í FYRSTA SÆTI

SÉRFRÆÐIHÓPUR

Náms- og starfsumhverfi sem styður öryggi og vellíðan

Anna Birna Snæbjörnsdóttir, sviðstjóri Menntasviðs

Amanda K. Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Menntasviðs

Atli F. Magnússon, framkvæmdarstjóri Arnarskóla

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar

Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri Salaskóla

Sigrún Bjarnadóttir, skólastjóri Álfhólsskóla

Silja Dís Guðjónsdóttir, atferlisráðgjafi á grunnskóladeild

Tryggvi G. Ingason, verkefnastjóri á grunnskóladeild

Aðrir:

Unnið í samstarfi við öryggishóp innan SSH

Unnið í samstarfi við samfélagslögregluna

Hugrún Erna Erlingsdóttir, meistaranemi í hagnýtri atferlisgreiningu

FRAMTÍÐIN Í FYRSTA SÆTI

UMBÓTAVERKEFNI GRUNNSKÓLA KÓPAVOGS TIL 2030

Námsumhverfi og kennsla

- Innleiðing heildstæðrar læsisáætlunar
- Samræma hæfniviðmið, námsmarkmið og námsmat
- Notkun staðlaðra mælinga á námsframvindu
- Þróun á nýju námsumsjónarkerfi
- Móttaka og stuðningur við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn
- Auka fjölbreytni valgreina á unglingastigi
- Þróun samþættra stuðningsúrræða í anda farsældar
- Samfella og samvinna á milli skólastiga
- Fýsileikamat á stofnun sérskóla

Velferð og foreldrasamstarf

- Gerð sáttmála um samstarf heimila og skóla
- Upplýsingagjöf sem styður við nám nemenda og þátttöku foreldra
- Fræðsluáætlun fyrir foreldra um nám, velferð og inngildingu

Starfsumhverfi og forysta

- Stuðningur við fjölgun faglærðra kennara
- Símenntun og fagleg þróun kennara
- Náms- og starfsumhverfi sem styður öryggi og vellíðan
- Stuðningur við forystuhlutverk skólastjórnenda

FRAMTÍÐIN Í FYRSTA SÆTI

TILLAGA 15

Náms- og starfsumhverfi sem styður öryggi og vellíðan

Öruggt náms- og starfsumhverfi er forsenda þess að nemendur og starfsfólk skóla upplifi traust og virðingu og hafi svigrúm til að sinna námi og starfi af heilindum. Öryggi nær til fjölmargra þátta og felur í sér vernd gegn áreitni, ofbeldi og óásættanlegri hegðun. Greint verður hvaða þættir í náms- og starfsumhverfinu styðja við öryggi, vellíðan og jákvæða menningu. Öryggi og aðgengi að skólahúsnæði og skólalóð verða sérstaklega skoðuð. Einnig verður rýnt hvernig ábyrgðarskipting og teymisvinna innan skóla geta styrkt samstarf og faglega vellíðan. Mótuð verða sameiginleg viðmið og ferlar um samskipti, ábyrgð og viðbrögð við aðstæðum sem ógna öryggi starfsfólks og nemenda. Lögð verður áhersla á virka þátttöku starfsfólks í mótun sameiginlegra viðmiða, eflingu faglegs trausts og eftirfylgni með umbótum.

DAGSKRÁ

Markmið

Skilgreiningar

Viðtöl


Fyrirbyggjandi aðgerðir

Fyrstu viðbrögð

Eftirfylgni

Skráningar

Framhald



MARKMIÐ

Að styrkja náms- og starfsumhverfi í grunnskólum
Kópavogs sem byggir á öryggi, trausti og faglegri virðingu



TRYGGJA ÖRYGGI



Tryggja öryggi nemenda og starfsfólks í öllum grunnskólum.

SAMRÆMA VERKLAG




Samræma verklag milli allra skóla í Kópavogi til að tryggja fyrirsjáanleika og fagmennsku.

STYÐJA STARFSFÓLK



Styðja starfsfólk með skýrum ferlum, boðleiðum og eftirfylgni.

EFLA FORVARNIR



Efla forvarnir og faglegt mat á hegðunarvanda, áhættu og stuðningsþörfum.

STUÐLA AÐ JAFNRÆÐI



Stuðla að jafnræði í þjónustu við nemendur þvert á grunnskóla.

VIÐTÖL VIÐ STARFSFÓLK

Í janúar og febrúar á þessu ári fóru fram 1,5 klst viðtöl við **11 grunnskóla í Kópavogi.**

Einnig voru tekin viðtöl við forstöðumenn **frístunda** og **félagsmiðstöðva.**

Mjög upplýsandi og jákvæð upplifun að fá að heyra frá starfsfólki. Mismunandi áskoranir og óskir sem skólarnir nefna þó var samhljómur í mörgu.

Vinna við umbótatillögur er að hefjast



JÁKVÆÐIR ÞÆTTIR

Mikill metnaður og fagmennska í skólunum, starfsfólk sýnir **mikinn vilja** til að leysa áskoranir.

Vilji í skólunum til að **bæta verklag** og **læra meira**, skólar kalla t.d. eftir **samræmdum ferlum**.

Árangur af einstaklingsmiðaðri vinnu og teymisvinnu, t.d. í gegnum samþætta þjónustu og með aukinni handleiðslu og ráðgjöf.

Jákvæð reynsla þegar aukinn stuðningur fæst t.d. frá ráðgjafateymi.



HELSTU ÁSKORANIR


Aukin **krefjandi** og **alvarleg hegðun** í grunnskólum og kemur fram hjá yngri börnum en áður (sbr. *Stöðuskýrslu Menntamálaráðuneytis: 2026*, kemur fram aukning líkamsárása í 6. bekk, einkum meðal drengja) .

Atvik geta blossað upp á örfáum sekúndum og **skortur er á skýrari boðleiðum** og viðbrögðum í þessum aðstæðum.

Aukið álag á starfsfólk og **meira óöryggi** í starfi vegna þessa.

Skortur á fagþekkingu innan skólanna um krefjandi hegðun barna – **vantar fleiri hendur á dekk**.

Skortur á sveigjanlegum rýmum til að bregðast við krefjandi hegðun.



FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐIR


FRÆÐSLA TIL STARFSFÓLKKS

Menntasvið kemur inn í hvern skóla með fræðslu í upphafi hvers skólaárs.

- Kynning á viðbragðsáætlun og verkferlum
- Líkamleg inngrip og varnarviðbrögð
- Sálræn varnarviðbrögð (ACT)
- SSH myndbönd í vinnslu

Rafræn fræðsla á Fræðslutorginu fyrir stuðningsfulltrúa um hagnýtar leiðir. Aðgengileg allt skólaárið og er skylda fyrir nýtt starfsfólk.

- Verkleg verkefni



FRÆÐSLA TIL FORELDRA

Efla fræðslu fyrir foreldra um hegðun, mörk, ábyrgð og samstarf.

ÆSKILEG HEGÐUN


MEÐAL NEMENDA

Æskilega hegðun má sjá hjá **meirihluta nemenda stóran hluta skóladagsins**

Flestir nemendur fylgja fyrirmælum, taka þátt í kennslu og sýna virka námsástundun við hefðbundnar aðstæður.

Nemendur með hegðunaráskoranir sýna oft æskilega hegðun við ákveðnar aðstæður eða undir ákveðnum skilyrðum

Áhersla á **æskilega hegðun sem styður jákvætt námsumhverfi, námsvirkni og líðan nemenda**



KREFJANDI HEGÐUN

Krefjandi hegðun er skipt í truflandi hegðun, eyðileggjandi hegðun, sjálfskaðandi hegðun, hættulega hegðun og ofbeldi

Unnar í samstarfi við SSH og ráðuneytið. Veitir sameiginlegan faglegan ramma og tryggir samræmi milli skóla og sveitarfélaga

Styður jafnræði og fyrirsjáanleika í viðbrögðum

Enn í mótun og þetta verður ávallt uppfært og endurskoðað á hverju ári.

ALVARLEIKASTIG

Tilgangurinn með því að skipta hegðun í alvarleikastig er að skapa sameiginlegan skilning á eðli og **alvarleika aðstæðna**, svipað og í veðurviðvörðunum. Slík stigskipting eykur fyrirsjáanleika, styður samræmd viðbrögð og hjálpar starfsfólki að meta hvenær grípa þarf til vægari fyrirbyggjandi aðgerða og hvenær nauðsynlegt er að beita markvissari öryggisráðstöfunum.

GULT STIG



Á VARÐBERGI

APPELSÍNUGULT STIG



ÁHÆTTA

RAUTT STIG



HÆTTA

ALVARLEIKASTIG

GULT STIG

Á VARÐBERGI

- Hegðun telst gul þegar engin raunveruleg hættu er til staðar og mögulegur skaði er minniháttar, yfirborðskenndur eða auðvelt að bæta.
- Barnið er í tengslum við umhverfi sitt, bregst við leiðsögn og sýnir getu til að breyta hegðun sinni með stuðningi fullorðinna.
- Aðstæður kalla fyrst og fremst á leiðréttingu, skýr mörk og uppbyggileg viðbrögð en ekki á neyðar- eða öryggisráðstafanir

APPELSÍNUGULT STIG

ÁHÆTTA

- Hegðun telst appelsínugul þegar það er raunveruleg áhætta eða skaði, annaðhvort fyrir barnið sjálft, aðra eða umhverfið.
- Hegðun telst appelsínugul þegar hættu eða skaði er til staðar, þó takmörkuð, og þegar einföld leiðsögn eða áminning dugar ekki ein og sér til að stöðva hegðunina. Barnið er oft í miklu uppnámi, með skerta sjálfstjórn eða í aðstæðum sem það ræður illa við.
- Á þessu stigi getur hegðun þróast hratt ef ekki er brugðist markvisst við.

RAUTT STIG

HÆTTA

- Hegðun telst sem mikil hættu eða yfirvofandi hættu eða alvarlegan skaða.
- Á þessu stigi er öryggi barns, annarra barna eða starfsfólks ógnað og aðstæður krefjast tafarlausra og skýrra neyðarviðbragða.
- Hegðun telst rauð þegar hættu er bráð, ófyrirsjáanleg eða líkleg til að leiða til alvarlegs líkamlegs, andlegs eða félagslegs skaða. Hún getur verið af ásetningi, endurtekin eða einkennst af tilfinningalegum viðbrögðum þar sem barn ræður ekki við hegðun sína.

TRUFLANDI HEGÐUN

Hegðun sem veldur truflun eða óþægindum og hefur neikvæð áhrif á aðra. Hegðunin er ekki talin hættuleg.

DÆMI

Trufla í kennslustund með því að fara ekki eftir fyrirmælum, hegða sér í andstöðu við það sem til er ætlast í tilteknum aðstæðum, nota ljótt orðbragð, grípa fram í eða komameð óviðeigandi athugasemdir sem valda því að aðrir hætta störfum eða missa athygli, tala hátt eða kalla upp í kennslu án þess að hafa leyfi, öskra, lemja í borð eða stól, henda hlutum sem ekki valda skaða, eða ganga um án leyfis á meðan kennsla stendur yfir.

GULT STIG



Truflandi hegðun er almennt flokkuð sem gul þar sem hún krefst leiðréttingar og stuðnings, en ekki öryggis- eða neyðarviðbragða.

APPELSÍNUGULT STIG



Á ekki við

RAUTT STIG



Á ekki við

EYÐILEGGJANDI HEGÐUN

Þegar hegðun barns felur í sér að það eyðileggur eða reynir að eyðileggja hluti sem erfitt eða kostnaðarsamt er að bæta. Stig eyðileggjandi hegðunar ræðst af því hversu mikill skaðinn er, hversu erfitt er að bæta hann og hvort hætta skapist.

DÆMI

Eyðileggjandi hegðun birtist þegar beitt er líkamlegum krafti sem veldur sjáanlegum skemmdum á hlutum eða eigum, eins og að skemma tölvubúnað, brjóta rúður, hurðar eða húsgögn, rispa bíla, krotu á vegg, eða kasta hlut þannig að hann brotnar. Hún getur einnig falið í sér að barn rífur eitthvað niður.

GULT STIG

Þegar um er að ræða minniháttar skemmdir sem eru auðvelt að bæta, til dæmis að krotu á vegg, rífa blaðsíður úr bók eða skemma smáhluti án þess að hætta skapist.

APPELSÍNUGULT STIG

Þegar líkamlegum krafti sem veldur sjáanlegum og kostnaðarsömum skemmdum er beitt, svo sem að skemma tölvubúnað, brjóta rúður, hurðir eða húsgögn, rispa bíla eða kasta hlut þannig að hann brotnar, án þess að fólk sé í beinni hættu.

RAUTT STIG

Þegar eyðileggjandi hegðun er stjórnlaus eða skapar hættu fyrir fólk, til dæmis með því að kasta stórum eða hættulegum hlutum, brjóta rúður þar sem aðrir eru nálægt eða þegar hegðunin er hluti af alvarlegu uppnámi.

SJÁLFSKAÐANDI HEGÐUN

Hegðunin felur í sér að barn beitir sjálft sig líkamlegum skaða sem er skaðandi, ef barnið veldur sjálfu sér líkamlegum sársauka eða sjáanlegum sárum, svo sem roða, blæðingu eða marblettum. Á að jafnaði ekki við aðra einstaklinga en það sjálft.

DÆMI

Sjálfskaðandi hegðun birtist með að lemja höfuðinu í vegg eða borð, slá eða kýla sjálft sig, bíta í húðina eða klóra þannig að sjáanleg merki myndast. Sjálfskaðandi hegðun getur einnig átt við ef barnið framkvæmir athafnir sem skapa verulega fallhættu eða aðra líkamlega áhættu eins og að klifra upp á hillu eða fíkta við eld.

GULT STIG

Talar um að vilja meiða eða skaða sjálft sig.

APPELSÍNUGULT STIG

Þegar barnið slær eða kýlir sjálft sig, bítur eða klórar húðina þannig að sjáanleg merki myndast, eða lemur höfuðinu í vegg eða borð með takmörkuðum krafti.

RAUTT STIG

Þegar sjálfskaðandi hegðun skapar verulega eða yfirvofandi hættu, til dæmis endurtekið höfuðhögg af miklum krafti, athafnir sem fela í sér mikla fallhættu, notkun beittra hluta til að valda blæðingum, eða að fíkta við eld eða aðra lífshættulega ógn.

HÆTTULEG HEGÐUN

Hegðun sem getur valdið öðrum skaða en ekki er um skýran ásetning að ræða.

DÆMI

Barn slær, kýlir, sparkar, rífur í hár, hendir hlutum, eyðileggur hluti, bítur, klórar, er með vopn eða leggur með öðrum hætti hendur á starfsfólk eða önnur börn. Hættuleg hegðun getur átt við um barn sem er í svo miklu uppnámi að það ræður ekki við hegðun sína, er að reyna að verja sig eða komast úr aðstæðum sem það ræður ekki við.

GULT STIG

Á ekki við

APPELSÍNUGULT STIG

Þegar barn slær, kýlir, sparkar, rífur í hár, hendir hlutum eða leggur hendur á aðra í uppnámi, með mögulegum en takmörkuðum afleiðingum.

RAUTT STIG

Þegar greinilegt er að barn er komið í alvarlegt uppnám og hefur misst stjórn á skapi sínu, þá er hættuleg hegðun endurtekin, stjórnlaus eða líkleg til að valda alvarlegum meiðslum, til dæmis með notkun hættulegra hluta.

OFBELDI

Hegðun sem framkvæmd er af ásetningi og leiðir til eða er líkleg til að valda öðrum líkamlegum, andlegum/tilfinningalegum eða félagslegum skaða.

DÆMI

Atvik þar sem barn beitir líkamlegu, munnlegu eða stafrænu ofbeldi gegn sama einstaklingi oftast en einu sinni, hótar honum, dreifir niðurlægjandi efni eða einangrar hann viljandi úr hópi teljast til ofbeldishegðunar. Endurteknar hótanir, líkamsárásir, slagsmál eða hópslagsmál sem og einelti þar sem barn eða hópur barna sem eru í sterkri stöðu sökum félagslegra, andlegra eða líkamlegra yfirburða meiða, niðurlægja eða veitast með öðrum hætti að persónu, öryggi og mannlegri reisn. Einnig telst til ofbeldis hótun um að beita vopni eða raunveruleg notkun þess. Ofbeldi getur jafnframt átt sér stað í gegnum stafræna miðla t.d. í formi neteineltis, áreitni, skaðlegrar dreifingar efnis, hótana eða útilokunar.

GULT STIG

RÆÐA

Það eru til væg dæmi um ofbeldi

APPELSÍNUGULT STIG

Þegar um er að ræða ofbeldi af ásetningi sem veldur verulegum andlegum, félagslegum eða tilfinningalegum skaða, án þess að tafarlaust líkamleg hættu sé til staðar. Þetta á meðal annars við um stafrænt ofbeldi, svo sem endurtekið neteinelti, áreitni, dreifingu niðurlægjandi eða skaðlegs efnis eða útilokunar úr hópi. Þrátt fyrir alvarleika hegðunarinnar eru aðstæður á þessu stigi almennt þess eðlis að hægt sé að bregðast við með skipulögðum og markvissum aðgerðum fremur en tafalausum neyðarviðbrögðum.

RAUTT STIG

Þegar ofbeldi felur í sér líkamlega árás, alvarlegar hótanir eða aðstæður þar sem öryggi einstaklings eða hóps er í bráðri eða ófyrirsjáanlegri hættu. Þetta á við um ofbeldi svo sem líkamsárásir, slagsmál eða hópslagsmál, með eða án vopna eða annarra hættulegra hluta. Á einnig við um stafrænt ofbeldi þegar það tengist beinum áformum um að skaða aðra.

GRUNNREGLA

Í AÐSTÆÐUM

Halda **rólegri**, **hlutlausri** framkomu

Nota **jákvætt orðalag** og **styrkja** æskilega hegðun

Vera **vingjarnlegur** og **sýna virðingu**

Tryggja að barnið viti hvert það getur leitað eftir **hjálp**

Huga að þreytu, álagi, skynáreiti og öðrum aðstæðum sem geta haft áhrif á hegðun

Skapa **öruggt** og **fyrirsjáanlegt umhverfi**

Setja **skýrar reglur** og **væntingar** sem eru í samræmi við aldur og þroska

Aðlaga kröfur að getu barns



FYRSTU VIÐBRÖGÐ

Í AÐSTÆÐUM

GULT STIG / Á VARÐBERGI

LEIÐBEINA

-  Gefa **einföld** og **skýr** fyrirmæli
-  Beina athygli barns að **viðeigandi hegðun**
-  Bjóða **valkosti** þegar það á við
-  Nota **ég boð og þú boð** (kennaramál)
-  **Virk hlustun**
- ☐ → ☐ **Fyrst og svo** (Ömmureglan)

Ekki tæmandi listi

APPELSÍNUGULT STIG / ÁHÆTTA

KÆLA

-  Undirbúa öryggi
-  **Hugsuðurinn**
-  **Auka næveru** annarra starfsmanna
-  **Upplýsa stjórnendur / ritara**
-  **Fjarlægja hluti** sem gætu **valdið skaða**
-  **Meta líðan barns**
-  Bjóða leið **úr aðstæðum**

RAUTT STIG / HÆTTA

TRYGGJA ÖRYGGI

-  **Kalla út VIÐBRAGÐSTEYMI**
-  **Líkamlegt inn grip**
(ef þess þarf)
- Ef starfsfólk ræður ekki við aðstæður skal **hringja á 112**
Ef eggvopn skal alltaf hringja á 112
- Upplýsa foreldra** eins fljótt og auðið er

GULT STIG

Lýsandi orð guls stig er að **LEIÐBEINA**

Viðbrögð á gulu stigi byggja á fyrirbyggjandi nálgun þar sem markmiðið er að styðja við æskilega hegðun áður en óæskileg hegðun eykst. Á þessu stigi er hegðun ekki talin skapa verulega hættu, heldur vísbending um að barn þurfi aukna leiðsögn, skýrari ramma eða stuðning.

FYRSTU VIÐBRÖGÐ



Gefa **einföld** og **skýr** fyrirmæli



Beina athygli barns að **viðeigandi hegðun**




Þjóða **valkosti** þegar það á við



Nota **ég boð og þú boð** (kennaramál)



Virk hlustun




Fyrst og svo (ömmureglan)



Ekki tæmandi listi

EFTIRFYLGNI



Umsjónaraðili upplýsir foreldra með **tölvupósti** eða **símtali** í stuttu máli.



Foreldri ræðir við barnið sitt



Þegar skráningar eru **orðnar x margar** þarf að bregðast við með **2 stigs úrræðum**:



Teymi myndað í kringum barnið

- **Einstaklingsmiðuð inngrip** (umbunarkerfi, hegðunarsamningar, o.fl.)
- **Skólaþjónusta**: Sækja um kennsluráðgjöf eða atferlisráðgjöf

SKRÁNINGAR

GRUNNSKÓLI



Skráningar á Mentor fyrir gult stig.

FRÍSTUND



Skráningar á x fyrir gult stig.

FÉLAGSMIÐSTÖÐ



Skráningar á x fyrir gult stig.
Raunhæft?

APPELSÍNUGULT STIG


Lýsandi orð appelsínuguls stigs er að **KÆLA**

Hegðun telst appelsínugul þegar það er raunveruleg áhætta eða skaði, annaðhvort fyrir barnið sjálf, aðra eða umhverfið.

FYRSTU VIÐBRÖGÐ

-  Undirbúa öryggi
-  Hugsuðurinn
-  **Auka næveru** annarra starfsmanna
-  **Upplýsa stjórnendur / ritara**
-  **Fjarlægja hluti** sem gætu **valdið skaða**
-  **Meta líðan barns**
-  Bjóða leið **úr aðstæðum**
-  **Virk hlustun**

EFTIRFYLGNI



Stjórnandi (sem var ekki hluti af atviki) sér um samskipti og upplýsir foreldra með **samtali** eða **símtali**.

*Hvað gerðist
Hvaða viðbrögð voru tekin
Hvað gerist næst*

Ef grunur leikur á ofbeldi á heimili:

- Samráð við barnavernd
- Samráð við Menntasvið



Nemanda skal boðið **viðtal** og fær tækifæri til að ræða um eigin líðan.

Leiðbeinandi form

SKRÁNINGAR

One

Atvikaskráning á OneCRM fyrir **appelsínugult stig** (verður að skoðað)



Skráning á ATVIK.is **ef slys** voru á fólki (nemendum, starfsfólki eða öðrum einstaklingum)



Öll slys á starfsfólki eru tilkynnt til **Sjóvá, Sjúkratrygginga** og til **Vinnueftirlits**.



Tilkynning til Barnaverndar (ef á við).

- Leiðbeiningar koma síðar

APPELSÍNUGULT STIG

FRAMHALD - STAKT ATVIK

Tryggja að viðeigandi skráningar hafi farið fram.

EYÐILEGGJANDI HEGÐUN

- Barn og foreldri mæta í samtal daginn eftir með skólastjórnanda

SJÁLFSKAÐANDI HEGÐUN

- Barn og foreldri mæta í samtal daginn eftir með skólastjórnanda
- Starfsfólk fylgist með líðan barns.

HÆTTULEG HEGÐUN

- Barn og foreldri mæta í samtal daginn eftir með skólastjórnanda

OFBELDI

- Barn og foreldri mæta í samtal daginn eftir með skólastjórnanda

FRAMHALD - ATVIK ORÐIN 5

Þegar skráningar á **appelsínugulu** atviki eru **orðnar 5 á sama skólaári** þarf að bregðast við með því að:

Móta teymi í kringum barn

- Þjóða samþætta þjónustu
- Áhættumat
- Einstaklingsmiðuð áætlun
 - Aðgerðaráætlun v. líkamlegs inngrips
 - Aðgerðaráætlun v. skerts skóladags (*þegar dagurinn er skertur til að ráða við hegðun*)
 - Spegla aðgerðaráætlanir í fagteymi til að tryggja rétta framkvæmd

Skólaþjónusta

- Sækja um eftir aðkomu ráðgjafateymis Menntasviðs

RAUTT STIG

Lýsandi orð rauðs stigs er að **TRYGGJA ÖRYGGI**

Hegðun telst sem mikil hættu eða það er yfirvofandi hættu eða alvarlegur skaði.

FYRSTU VIÐBRÖGÐ



Kalla út **VIÐBRAGÐSTEYMI**

➤ **Hringja í ritara**

➤ **Neyðarhnappur/ Úr / Talstöð**




Líkamlegt inn grip eða **rýming**

(ef þess þarf)




Ef starfsfólk **ræður ekki** við
aðstæður skal **hringja á 112**

Ef **eggvopn** skal alltaf hringja á 112



Upplýsa foreldra eins fljótt og auðið er

EFTIRFYLGNI



Stjórnandi (sem var ekki hluti af atviki)
sér um samskipti og upplýsir foreldra
með **samtali** eða **símtali**.

Hvað gerðist?

Hvaða viðbrögð voru tekin?

Hvað gerist næst?

Ef grunur leikur á ofbeldi á heimili:

- Samráð við barnavernd
- Samráð við Menntasvið



Nemanda skal boðið **viðtal** og
fær tækifæri til að ræða eigin
líðan.

SKRÁNINGAR

One

Atvikaskráning á OneCRM fyrir
rautt stig (verður að skoðað)



Skráning á **ATVIK.is** **ef slys** voru á fólki
(nemendum, starfsfólki eða öðrum
einstaklingum)



Öll slys á starfsfólki eru tilkynnt til
Sjóvá, Sjúkratrygginga og til
Vinnueftirlits



Tilkynning til Barnaverndar

- Leiðbeiningar koma síðar

VIÐBRAGÐSTEYMI

RAUTT STIG

Markmið teymisins er að **TRYGGJA ÖRYGGI**

Viðbragðsteymi bregst við þegar það er mikil hættu eða yfirvofandi hættu.




Líkamlegt inngrip (ef þess þarf)

Nemanda haldið

Fluttur milli staða

Nemandi lokaður inni eða ferðafrelsi skert




2-3 starfsmenn fara í inngrip


Starfsmannaskipti ef inngrip stendur yfir í langan tíma



Viðbragðsteymi metur hvaða leið er tekin



Ef lögregla mætir á staðinn tekur hún við
stjórn á aðstæðum



Um leið og nemandi er **rólegur** og **ekki stafar hættu** af hegðun viðkomandi skal aðgerðum hætt.



Nemanda skal gefið **svigrúm** til að róa sig og ná stjórn á skapi sínu.

➤ **Mikilvægt að fylgjast með nemanda**

RAUTT STIG

Hegðun telst sem mikil hættu eða það er yfirvofandi hættu eða getur orðið alvarlegur skaði.

FRAMHALD - STAKT ATVIK

Tryggja að viðeigandi skráningar hafi farið fram.

Barn og foreldri mæta í samtal í samráði við stjórnanda

Ef skóli þarf tíma til að gera ráðstafanir innan skólans má í samráði við foreldra halda barninu heima í **einn til tvo virka daga** (atriði í vinnslu)

Fá **leyfi foreldra** til að ræða atvik í fagteymi um réttindi og velferð barna (líkamleg inngrip, skert ferðafrelsi eða rýmingu)



Ef lögregla tók á nemanda er hvatt til þess að hafa samband við þann starfsmann og koma á **samtali milli lögreglumanns og barns**

FRAMHALD - ATVIK ORÐIN 3 (má vera fyrr)

Þegar skráningar á **rauðu** atviki eru **orðnar 3** þarf að bregðast við með:

- Bjóða samþætta þjónustu
- Áhættumat
- Einstaklingsmiðuð áætlun
 - Aðgerðaráætlun v. líkamlegs inngrips
 - Aðgerðaráætlun v. skerts skóladags (*þegar dagurinn er skertur til að ráða við hegðun*)
 - Spegla aðgerðaráætlanir í fagteymi til að tryggja rétta framkvæmd

Forgangur eftir aðkomu ráðgjafateymisins skólaþjónustu



Ef lögregla tók á nemanda er hvatt til þess að hafa samband við þann starfsmann og koma á **samtali milli lögreglumanns og barns**

FAGTEYMI UM RÉTTINDI OG VELFERÐ BARNNA

Þegar upp koma rauð atvik, þar sem beita þarf líkamlegu inngripi, skerða ferðafrelsi eða grípa til rýmingar, eru þau tekin til umræðu á næsta fundi fagteymis um réttindi og velferð barna.

RAUÐ ATVIK - STAKT ATVIK

Fá **leyfi foreldra** til að ræða/spegla atvik með símalí eða tölvupósti

Fulltrúi kynnir baksögu barns nafnlaust og lýsir atvikinu frá upphafi til enda og eftirfylgni þess

Fagteymi veitir samráð og speglun

AÐGERÐARÁÆTLANIR

Fá **leyfi foreldra** til að ræða/spegla aðgerðaráætlun með símalí eða tölvupósti

Fulltrúi kynnir aðgerðaráætlun í kynningarformi

- Baksaga barns kynnt nafnlaust
- Lýsing á inngripi
- Fyrirbyggjandi aðgerðir
- Kennsla á viðeigandi færni
- Hvetjandi aðgerðir
- Skráningar
- Rödd nemanda

Fagteymi veitir samráð og speglun

BRÁÐA OG VIÐBRAGÐSTEYMI VEGNA OFBELDIS MEÐAL BARNA

Hegðun telst sem mikil hættu eða það er yfirvofandi hættu eða getur orðið alvarlegur skaði.

Bráða og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna

Ofbeldi er hótað eða því beitt með ásetningi

Atvik kemur upp hjá barni 10-18 ára með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu

- Haft samband í gegnum símtal eða tölvupóst.
 - BVT metur aðkomu að máli
- Aðkoma BVT þarfnast samþykki foreldra
- BVT hefur samband við foreldra, barn, tilvísanda og ábyrgðaraðila

Næstu skref ákveðin í samráði við ábyrgðaraðila og teymi barnsins

- Tryggt viðeigandi viðbragð
- Tekur þátt í stuðningsteymi
- Stuðningsáætlun

Að lokinni úrvinnslu BVT er fylgt verklagi lögheimilis sveitarfélags og farsældarlögum um samþætta þjónustu


YFIRGRIPSMIKIL MÁL

Í einstökum tilvikum koma upp yfirgripsmikil mál þar sem stuðningsþarfir nemanda eru það flóknar og viðvarandi að hefðbundin úrræði skólans duga ekki.

Í slíkum aðstæðum getur verið þörf á **auknum, sérhæfðum og tímabundnum stuðningi**.

Stefnt er að enn **frekara samstarfi við Arnarskóla**, meðal annars með aðkomu einskonar farteymis. Þar sem eru 2–3 sérfræðingar verða með mikla viðveru í 8–12 vikur.

Viðmið fyrir slíka aðkomu eru enn í mótun, en **skráningar munu gegna lykilhlutverki** þegar kemur að ákvörðunartöku um slíkt úrræði.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08 2026

EFTIRFYLGNI VIÐ STARFSFÓLK

EFTIR ALVARLEG ATVIK

Viðtal - Skylda

Á sér stað sem fyrst

Starfsmanni er boðið viðtal við aðila sem ekki var hluti af atvikinu þar sem viðkomandi fær tækifæri til að segja frá sinni hlið málsins og **ræða um eigin líðan** eftir atvikið.

Eftirfylgni

Athugað hvernig starfsmaður hefur það nokkrum dögum/vikum seinna.

Ef slys eða tjón

Slys á starfsfólki:

Starfsfólk Kópavogsbæjar er **slysatriggt** við störf.

Skrá skal slys starfsmanns í gegnum **ATVIK slysaskráningarkerfið**

- Senda til **Vinnueftirlits, Sjóvá** og **Sjúkratrygginga Íslands**.

Tilkynna skal slys og fjarveru starfsmanns frá vinnu til Sjúkratrygginga Íslands. Kostnaður sem fellur til vegna vinnuslyss greiðist af Sjúkratryggingum Íslands - fylla þarf út endurgreiðslubeiðni og senda í gegnum Réttindagátt, ásamt kvittunum.

Kostnaður vegna vottorðs um óvinnufærni er endurgreiddur af Kópavogsbæ. Starfsmaður sendir á stjórnanda og stjórnendur senda á launadeild Kópavogsbæjar.

Kópavogsbær er ekki með tryggingar vegna tjóns á persónulegum munum barna vegna tjóns sem börn/ungmenni valda.

Nema um ræðir muni sem starfsmaður þarf við störf sín (gleraugu, fatnað og fleira)

VIÐBRÖGÐ – SAMNEMENDUR

GULT STIG

Bekkjarfundir góð leið til að fá rödd samnemanda

 Tækifæri til að skerpa á bekkjarreglum

 Efla nemendur í hvernig skal bregðast við atvikum

APPELSÍNUGULT STIG



Polanda skal boðið **viðtal** og fá tækifæri til að ræða eigin líðan



Símtal við foreldra polanda og vísa í verkferla um hvernig brugðist er við í málinu

Matsatriði:



Samtal við hópinn í heild hvað gerðist (leiðbeinandi rammi mun fylgja).

RAUTT STIG



Polanda skal boðið **viðtal** og fær tækifæri til að ræða eigin líðan



Símtal við foreldra polanda og vísa í verkferla um hvernig brugðist er við í málinu



Samtal við hópinn í heild um hvað gerðist (Leiðbeinandi rammi mun fylgja)



Nemendum sem voru vitni er boðið **viðtal** og fá tækifæri til að ræða eigin líðan

FRAMHALD

SAMSTARF VIÐ VELFERÐARSVIÐ


- Skýrar leiðbeiningar um tilkynningar til Barnaverndar í samræmi við viðbragðsáætlun
- Tillögur í viðbragðsáætlun

SAMSTARF VIÐ LÖGREGLUNA

- Samráð og útfærsla verkferla í viðbragðsáætlun

DRÖG AÐ VIÐBRAGÐSÁÆTLUN


- Yfirferð og faglegt mat lögfræðings Kópavogsbæjar



FRAMHALD

SKIPURIT

- Þegar viðbragðsáætlun er tilbúin verður einnig unnið að skipuriti til að hafa verkferla skýrari fyrir starfsfólk (dæmi fyrir neðan).



TAKK FYRIR!

